

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2496
komudagur 5.S. 2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 29. apríl 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um ársreikninga (527. mál) og frv. til l. um endurskoðendur (526. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvörp. Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna þeirra.

Endurskoðunarnefndir

Í 7. tölul 1. gr. frumvarps til laga um endurskoðendur er sett fram skilgreining á hugtakinu „eining tengd almannahagsmunum“. Samkvæmt skilgreiningunni falla undir þetta hugtak lögaðilar með skráð lögheimili hér á landi sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði á EES-svæðinu, bankar og sparisjóðir auk annarra láanafyrirtækja, váttryggingafélög og lífeyrissjóðir.

Í 2. gr. frumvarps til laga um ársreikninga segir að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd, skipuð þremur mönnum hið minnsta. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda einingarinnar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni.

SFF benda á að ekki er skýrt samkvæmt frumvarpinu hvað felst nákvæmlega í því orðalagi að vera „óháður“ einingunni. Sem dæmi má nefna að ekki er skýrt hvort að aðili teljist háður einingunni ef hann á tiltekinn eignarhlut í einingunni, hann er á launaskrá hjá einingunni, vinnur sem verktaki/ráðgjafi fyrir eininguna eða er tengdur slíkum einstaklingi fjölskylduböndum. Þessi óskýrleiki gerir það að verkum að afar erfitt verður fyrir umrædda aðila að vinna eftir þeim reglum sem settar eru fram í frumvarpinu varðandi skipun endurskoðunarnefnda. SFF leggja til að í frumvarpinu verði skilgreint hvað felst í hugtakinu „óháður“ einingunni.

Þá telja SFF ákvæði 2. gr. um skipun endurskoðunarnefndar nokkuð íþyngjandi fyrir fyrrgreinda aðila (einingar tengdar almannahagsmunum) og benda á að ástæða er til tryggja að með lagasetningunni sé ekki gengið lengra en ákvæði 8. félagatilskipunar EB skylda aðildarríki EES til að gera. Þetta virðist vera raunin í einhverjum tilvikum. T.d. segir í 41. gr. tilskipunarinnar að a.m.k. einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli vera óháður einingunni en ekki meirihluti nefndarmanna eins og segir í frumvarpinu. SFF leggja því til að dregið verði úr kröfum frumvarpins um óháði nefndarmanna þannig að nægilegt sé að einn nefndarmaður sé óháður einingunni.

SFF leggja ríka áherslu á að íslensk fjármálafyrirtæki uppfylli þær skyldur sem alþjóðlegar skuldbindingar leggja á herðar þeirra en samtökin vilja undirstrika að vegna umfangs endurskoðunarnefndanna, hlutverks og starfssviðs, er hæpið að smærri fyrirtæki t.d. minni sparisjóðir og önnur minni fjármálafyrirtæki, ráði við að setja á stofn slíkar nefndir. Slíkt væri kostnaðarsamt og myndi íþyngja smærri fyrirtækjum umtalsvert en sum þessara fyrirtækja hafa færri en 10 starfsmenn. Benda má á að smærri fjármálafyrirtæki hafa í vissum tilvikum haft heimildir til undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar, samkvæmt ákvæðum í leiðbeinandi tilmæli FME, nr. 4/2003 þar um. Samkvæmt tilmælunum gera þessir aðilar samning um árlega úttekt á innra eftirliti við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila eða við innri endurskoðunardeild móðurfélags fjármálafyrirtækis. Þá er sérstök athygli vakin á síðari málslið 1. mgr. 41. gr. tilskipunarinnar þar sem er gert ráð fyrir að undanþiggja megi fyrirtæki undir tilteknum stærðarmörkum skyldu til að skipa endurskoðunarnefnd. Í samræmi við framangreint leggja SFF til að smá og meðalstór fyrirtæki (t.d. sparisjóðir og önnur minni fjármálafyrirtæki undir tilteknum stærðarmörkum) verði undanskilin þeirri skyldu að hafa endurskoðunarnefnd og geti þess í stað falið stjórn hlutverk endurskoðunarnefndar.

Þá er tiltekið í 6. mgr. 41. gr. tilskipunarinnar að undanþiggja megi ákveðnar einingar tengdar almannahagsmunum því að hafa endurskoðunarnefnd og í staðinn megi fela framkvæmdastjórn eða stjórn hlutverk hennar. Ekki er gert ráð fyrir þessum möguleika í frumvarpinu. Í samræmi við framangreint leggja SFF til að þær einingar sem þar eru nefndar verði undanskilin þeirri skyldu að hafa endurskoðunarnefnd og geti þess í stað falið stjórn hlutverk endurskoðunarnefndar.

Þá benda SFF á að í 1. mgr. 41. gr. tilskipunarinnar er tiltekið að aðildarríki skuli ákveða, væntanlega með lagasetningu, hverja skuli skipa í endurskoðunarnefndir sbr. orðalagið:

„The Member State shall determine whether audit committees are to be composed of non-executive members of the administrative body and/or members of the supervisory body of the audited entity and/or members appointed by the general meeting of shareholders of the audited entity.“

Í frumvarpinu er ekki tilgreint hvernig skipan í endurskoðunarnefnd skuli vera háttáð, heldur er einungis tilgreint í 2. gr. frumvarpsins hverjir beri ábyrgð á að skipa í nefndina. Er í frumvarpinu reyndar gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri beri, með stjórn, ábyrgð á skipan í nefndina. Það fyrirkomula að framkvæmdastjóri komi að skipun nefndarinnar væri afar óvenjulegt, vegna eðlis nefndarinnar og markmiða með starfsemi hennar. Nauðsynlegt er að í frumvarpinu sé með skýrari hætti kveðið á um hvernig staðið skuli að skipan í endurskoðunarnefndir og með hliðsjón af stjórnskipulagi íslenskra fyrirtækja leggja SFF til að fyrri leiðin, sem tilskipunin vísar til, verði farin þ.e. að í 2. gr. frumvarpsins komi fram að

í endurskoðunarnefnd skuli skipa stjórnarmenn sem ekki eru jafnframt framkvæmdastjórar í félaginu (e. non-executive) sbr. orðalag í 2. gr. 65. gr laga um hlutafélög.

Hlutverk endurskoðanda samstæðu og hugtakið eftirlitsaðili

Í 10. gr. frumvarps til laga um endurskoðendur segir að endurskoðandi samstæðu skuli tryggja aðgang eftirlitsaðila að vinnugögnum annarra endurskoðenda vegna endurskoðunar annarra eininga innan samstæðunnar. Hugtakið „eftirlitsaðili“ er ekki skilgreint í frumvarpinu og getur textinn í ákvæðinu þar af leiðandi verið villandi. Í þessu samhengi er eingöngu verið að opna fyrir aðgang þess eftirlitsaðila sem ætlað er að fylgjast með störfum viðkomandi endurskoðanda (endurskoðendaráð) sbr. skilgreiningu hugtaksins „competent authority“ í 10. tölulið 2. gr. 8. félagatilskipunar EB. Ekki er átt við aðra eftirlitsaðila svo sem skattyfirvöld, fjármálaeftirlit eða aðra opinbera eftirlitsaðila. Til þess að ekki skapist réttaróvissa um til hvaða eftirlitsaðila er vísað í ákvæðinu er afar mikilvægt að taka af öll tvímæli um að í ákvæðinu sé vísað eingöngu til endurskoðunarráðs en ekki annarra eftirlitsaðila. Það má gera með því að skilgreina hugtakið nákvæmlega í frumvarpinu eða með því að skipta út orðinu „eftirlitsaðili“ og setja í staðinn orðið „endurskoðendaráð“.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.